

Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30/2008, um upprunaábyrgð á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum o.fl.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðjón Axel Guðjónsson frá iðnaðarráðuneyti. Nefndinni bárust umsagnir um frumvarpið frá Landsvirkjun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Orkubúi Vestfjarða hf., Orkustofnun, Rafiðnaðarsambandi Íslands, RARIK, Ríkisendurskoðun, ríkisskattstjóra, Seðlabanka Íslands, tollstjóranum í Reykjavík, Umhverfisstofnun, Valorku ehf., Vegagerðinni og Viðskiptaráði Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að innleiða í íslenskan rétt ákvæði um skyldu til útgáfu upprunaábyrgða á raforku frá samvinnslu með góða orkunýtni sem er að finna í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/8/EB, um að auka samvinnslu raf- og varmaorku sem byggist á eftirspurn eftir notvarma á innri orkumarkaðinum og um breytingu á tilskipun 92/42/EBE. Tilskipunin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 151/2006.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Alþingi, 11. júní 2010.

Skúli Helgason,
form., frsm.

Gunnar Bragi Sveinsson.

Jón Gunnarsson.

Jónína Rós Guðmundsdóttir.

Tryggvi Þór Herbertsson.

Margrét Tryggvadóttir.

Sigmundur Ernir Rúnarsson.